

Nd.

## 104. Frumvarp

til laga um viðauka við og breyting á lögum nr. 7, 15. júní 1926, um raforkuvirki.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

### 1. gr.

Á eftir 3. gr. nefndra laga komi ný grein, er verður 4. grein, svo hljóðandi:  
Nú hefir einstakur maður eða félag fengið leyfi til að stofnsetja og starfrækja raforkuver eða raforkuveitu til almenningsþarfa, og skal þá ákveða gjald á raforku í gjaldskrá, er hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn samþykkir og ráðherra staðfestir.

Gjaldskrá skal endurskoða á árs fresti, ef annaðhvort leyfishafi eða sveitar- eða bæjarstjórn óskar þess, og eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

### 2. gr.

4. gr. laganna verði 5 gr., og á eftir henni komi ný grein, er verður 6. gr., svo hljóðandi:

Nú hefir sveitar- eða bæjarstjórn stofnsett raforkuver eða raforkuveitu og starfrækir til almenningsþarfa í umdæmi sínu, og getur hún þá áskilið sér einkarétt til sölu í umdæminu á rafmagnstækjum og öðrum hlutum raforkuvirkja, sem nota á í sambandi við raforkuveituna.

### 3. gr.

5. gr. laganna verði 7. gr. og orðist þannig:

Heimilt er ráðherra að setja reglugerð um raforkuvirki. Til raforkuvirkja teljast hér raforkuver, raforkuveita og rafmagnstæki, laus og föst.

Í reglugerð þessari má setja ákvæði um:

- a) Skilyrði um gerð, uppsetningu og starfrækslu raforkuvirkja til öryggis gegn tjóni og hættu og til varnar gegn truflunum á viðtöku útvarps og loftskeyta.
- b) Takmörkun á innflutningi, sölu og notkun tækja og annara hluta raforkuvirkja, er ekki fullnægja þessum skilyrðum.
- c) Skyldu til þess að gefa skýrslu um þau raforkuvirki, sem fyrir hendi eru þegar reglugerðin öðlast gildi, og um ný virki og aukning eldri virkja, svo og að leyfa ráðherra að láta rannsaka þau.
- d) Eftirlit með raforkuvirkjum í húsrúmi, þar sem hætt er við sprengingum eða þar sem erfitt er að halda við nægilega fullkominni einangrun vegna raka eða annara orsaka, svo og með raforkuvirkjum, sem ætla má að hafi í för með sér sérstaka hættu fyrir líf manna eða mikil verðmæti, og með raforkuvirkjum í leikhúsum og samkomuhúsum. Eigandi virkjanna greiðir kostnað við eftirlitið.
- e) Löggilding á hæfum raforkuvirkjurum.
- f) Sektir, allt að 1000 kr., fyrir brot á reglugerðinni.

#### 4. gr.

6., 7., 8. og 9. gr. laganna verði 8., 9., 10. og 11. gr., og tilvísanir þeirra í 5. og 7. gr. verði tilvísanir í 7. og 9. gr.

#### Greinargerð.

Frv. samnefnt þessu og í aðalatriðum samhljóða tveim fyrstu greinum þess var borið fram í Nd. á síðasta þingi, en náði þá eigi afgreiðslu. Nauðsyn þessara breytinga er enn hin sama. Einstakir menn og félag, sem veitt hefir verið leyfi til að eiga og starfrækja raforkuver og veitur til almenningsþarfa, hafa oft og einatt aðstöðu til þess að ákveða rafmagnsverðið eftir vild og skattleggja þannig héraðsbúa. Og dæmi sanna, að þessi aðstaða hefir verið notuð óspart stundum. Virðist sjálfsagt að stemma stigu fyrir því, að slíkt geti átt sér stað, með því að leggja gjaldskrána undir samþykki hlutaðeigandi héraðsvalda og staðfestingu ráðherra. Í lögum um rafmagnsveitur frá 1915 var heimild fyrir sveitar-(bæjar-)stjórnir til að taka í sínar hendur einkasölu rafmagnstækja. Þessi lög voru felld úr gildi með vatnalögunum. Þegar svo lögin um raforkuvirki voru sett, 1926, hefir láðzt að setja í þau tilsvarendi ákvæði. Er í frv. lagt til, að úr þessu verði nú bætt.

3. gr. frv. er samhljóða 7. gr. gildandi laga að öðru en því, að 1. og 2. tölulið er aukið inn í greinina. Er það gert samkv. tilmælum útvarpsstjórnarinnar, er lét eftirfarandi skýringar fylgja tillögum sínum:

„Þann 13. maí 1930 gaf atvinnumálaráðuneytið út reglugerð um varnir gegn útvarpstruflunum samkvæmt lögum nr. 14, 14. júní 1929. Er í 1. gr. þeirrar reglugerðar svo kveðið á, að „ekki megi setja upp eða nota nein rafmagnstæki, sem geta valdið tilfínanlegum truflunum á viðtöku loftskeyta og útvarps, nema þau hafi sérstakan útbúnað, sem deyfi truflanir frá þeim og hindri þær í að berast út“, að svo miklu leyti, sem stjórn útvarpsins telur fullnægjandi.

Með þessum ákvæðum er innflutningur truflandi raftækja ekki hindraður, heldur aðeins uppsetning og notkun. Meðan svo háttar til, verða ákvæði reglugerðarinnar óframkvæmanleg og deyfingar útvarpstruflana með öllu ósigrandi, þar sem gera má ráð fyrir, að raftæki án hins tilskilda útbúnaðar verði flutt inn framvegis, seld og sett upp án þess að unnt sé að hafa nægilegt eftirlit með slíkri uppsetningu.

Með frumvarpi þessu er farið fram á, að bætt verði úr ágöllum laga um þetta efni, svo að með nýjum reglugerðarákvæðum verði unnt að stemma stigu fyrir innflutningi truflandi raftækja, eftir því sem fært mætti þykja að dómi þeirra raforkufræðinga, er ríkið hefir til ráðuneytis um þessi mál“.